



13. fundur stjórnar LH 20. mars 2014

haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal kl. 15:00

Mættir aðalmenn: Sigurður E. Ævarsson, Oddur Hafsteinsson, Erla G. Gylfadóttir, Þorvarður Helgason, Haraldur Þórarinsson

Mættir varamenn: Sigurður Ö. Ágústsson, Helga B. Helgadóttir, Stefán Ármannsson. Þá sat fundinn nýr framkvæmdastjóri LH/LM Axel Ómarsson

Dagskrá fundar: samþykkt var breyting á dagskrá fundarinnis og fyrst tekinn fyrir 3. liður á dagskrá.

1. Velferðarmál

Þorvaldur Kristjánsson fer yfir greiningu áhættuþátta fyrir áverka í munnri keppnishrossa sem hann og Sigríður Björnsdóttir hafa unnið. Þar koma fram sláandi niðurstöður varðandi notkun á tunguboga með vogarafli í keppni, en 75 falt meiri líkur eru á skaða við notkun þeirra en annarra méla. Var stjórn LH sammála um að þetta væri óviðunandi ástand sem yrði að bregðast við. Árið 2011 var vakin athygli á þessu máli og ráðist í kynningar og fræðslu í kjölfar niðurstöðu velferðarnefndar LH sem ályktaði um málið og samt er niðurstaðin þessi 2012. Niðurstaða: fyrsta skref að vinna tillögu til FEIF með Fagráði og FT þar sem FEIF er hvatt til að setja þennan búnað á bannlista. Náist ekki samstaða um þessa aðgerð verði málið tekið aftur upp á stjórnarfundum LH.

2. LM 2014 og 2016

Staða mála við undirbúning fyrir LM á Hellu 2014 rædd og það samkomulag sem stjórn Landsmóts hestamanna ehf. leggur til að verði samþykkt til að hægt sé að halda mótið á Gaddstaðaflótum 2014. Leggur stjórn LM til við stjórn LH að Rangárbakkar fái 25% hlutdeild í hagnaði LM ehf, gengið verði út fra EBITU við þá útreikninga.

Fram kom óánægja með að ekki væri staðið við þá stefnu sem mörkuð hafi verið að LM ehf. greiði ekki leigu fyrir svæðin. Þau eiga heimamenn og ríki að kosta og sjá til þess að þau séu rekstrarhæf og nýtist til uppbyggingar hestaíþróttanna á viðkomandi svæði. Þá kom fram óánægja með að sóst var í ágóða ef hann yrði en því alfarið hafnað að taka þátt í taprekstri yrði hann. Stjórn sammála um að endurskoða bæri það form sem nú væri notað við úthlutun mótanna þar sem það leiddi til of mikilla átaka.

Niðurstaða: Greidd voru atkvæði um þessa tillögu og voru fimm samþykktir, ein sat hjá og ein á móti.

3. Fjármögnunar- og styrkjumál

Nýr framkvæmdastjóri fór yfir hugmyndir að nýrri og breyttri stefnu um fjármögnunar- og styrkjumál LH. Aðaláherslan verði lögð á að mynda heildarstefnu sem sé skýr á milli allra aðila og gott sé að selja og mynda trúverðugleika í kringum.



Niðurstaða: Fundarmenn sammála um að þetta sé rétta leiðin eftir nokkrar umræður og samþykkt var að fela framkvæmdastjóra að ljúka vinnu við þessa stefnu og hefja vinnu eftir henni.

4. Reiðvegaúthlutun

Halldór H. Halldórsson formaður ferða- og samgöngunefndar LH kynnir tillögur nefndarinnar að úthlutun reiðvegafjár fyrir 2014. Fram kom hjá Halldóri að alls hefði verið sótt um fjármagn að upphæð 308.336.040 til nefndarinnar sem hafði 50.000.000 til úthlutunar. Framlag sveitarfélaga var 52.232.915 þannig að til ráðstöfunar voru 97.232.915 krónur. Þar af fóru 6 milljónir til ferðaleiða sem mikið álag er á og 4 milljónir til reiðvegaskráningar. Þá kom fram hjá Halldóri að ef framlög til reiðvegamála hefðu fylgt verðlagsþróun frá 2001 ættu þau að vera rúmar 100 milljónir í stað 50.

Þá kynnti Halldór verkefnið "Hjarta landsins" sem snýst um hálendi Íslands. Þá kynnti hann þá miklu vinnu sem fer í að fylgjast með að standa vörð um mál okkar hestamanna við nefndir Alþingis.

Niðurstaða: Stjórn þakkar mikið og gott starf hjá nefndinni sem sé til mikillar fyrirmyndar og samþykkir tillögur hennar. Þá var ákveðið að vinna að ráðstefnu um reiðvegamála og hvernig megi auka fjármagn til málaflokksins vegna aukins álags frá hestaferðaþjónustu.

5. Önnur mál

- a. Fundargerð keppnisnefndar lögð fram. Formaður nefndarinnar sagði frá afgreiðslu á ósk Fáks um að hækka lágmark inná mótið eins og gömlu meistaraflokkslágmarkin. Var það samþykkt með fjórum atkvæðum gegn þremur í nefndinni.

Niðurstaða: Stjórn LH samþykkir að verða við ósk Fáks eins og keppnisnefnd leggur til.

- b. Fram kom umræða um Bikarmót LH og hvort ekki væri orðinn of stuttur tími til að halda mótið.

Niðurstaða: Tíminn væri orðinn stuttur en halda bæri mótið ef hægt væri.

- c. Fram kom tillaga um að fella niður skráningargjöld í Sportfeng fyrir FEIF Youth Cup sem fram fer á Hólum í sumar.

Niðurstaða: Stjórn sammála um að verða við því.

*Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið.
Fundargerð ritaði HPór.*